

AUGLÝSING

47

26. maí

um að samningur við Þýzkaland um mælibréf skipa frá 1895 sé úr gildi fallinn.

Með erindaskiptum, dags. 15. júní, 3. og 25. október 1895 gerðu Danmörk og Þýzkaland með sér samning um gagnkvæma viðurkenningu á skipamælingum. Samningur þessi náði einnig til Íslands.

Hinn 10. júní 1947 var undirritaður í Osló alþjóðasamningur um samræmda aðferð við skipamælingar og var hann fullgiltur af Íslands hálfu 23. september 1948. (Stj.tíð. A. 80/1948). Sambandslýðveldið Þýzkaland gerðist aðili þessa samnings 7. júní 1958. Þar sem alþjóðasamningurinn gerir millirikjasamninginn óþarfan hefur orðið samkomulag milli ríkjanna um að fella hann úr gildi frá 7. júní 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 26. maí 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

48

27. maí

um viðskiptasamkomulag Íslands og Danmerkur.

Hinn 24. apríl 1959 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur á tímabilinu 15. marz 1959 til 14. marz 1960.

Samkomulagið er í aðalatriðum sama efnis og fyrra samkomulag. (Stj.tíð. A. 30/1958).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 27. maí 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

FORSETABRÉF

49

9. júlí

er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska lýðveldis 17. júní 1944, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 9. júlí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

A 19